Norræna velferðarmiðstöðin

# Þátttaka á neyðartímum

Bók fyrir börn um rétt þeirra til þátttöku



# Efnisyfirlit


1. Formáli 2

2. Inngangur 3

3. Réttur þinn til þátttöku – 12. gr. 6

4. Ungmennin sögðu það sjálf 9

5. Réttur barna til að taka þátt í neyðarástandi 11

6. COVID-19 heimsfaraldurinn og börn á Norðurlöndunum 19

Ísland 20

Danmark 24

Suomi | Finland 27

Grønland 32

Norge 35


Sverige 38

Åland 42

**Um útgáfuna** 45

# 1. Formáli

**Þessi síða er fyrir fullorðna. Ef þú ert barn skaltu byrja á næstu síðu.**



Þetta er barnvæn útgáfa skýrslunnar Participation is Protection – Embedding Children's Rights in Nordic Crisis Governance. Í skýrslunni er fjallað um hvernig réttur barna til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif var tryggður á Norðurlöndunum á meðan Covid-19 heimsfaraldurinn stóð yfir. Helsta niðurstaðan var sú að börn voru að stórum hluta ekki höfð með í ráðum þegar teknar voru ákvarðanir sem höfðu mikil áhrif á líf þeirra. Þegar leitað var eftir skoðunum barna var það oft gert of seint til að þær gætu haft raunveruleg áhrif.

Ef skýrsla um þessa niðurstöðu væri aðeins gefin út á formi sem fullorðnir gætu lesið væri verið að endurtaka sömu mistökin og fjallað er um í skýrslunni. Þessi útgáfa er ætluð lesendum frá um tíu ára aldri og fullorðna fólkinu í kringum þá, m.a. í skólum, heilbrigðis- og félagsþjónustu og á þeim stöðum þar sem ákvarðanir um börn eru teknar.

Þetta er ekki samantekt. Sameiginlegi hlutinn útskýrir rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif, hvað ungmenni sjálf sögðu og hvaða breytingar við viljum að stjórnvöld geri. Embætti umboðsmanna barna í hverju landi hafa síðan skrifað sinn eigin kafla, á sínu tungumáli, um það sem gerðist þar á tímum Covid-19.

Textanum er ætlað að vera lesinn af börnum, ekki aðeins að fjalla um þau.

# 2. Inngangur

## Einhver tók ákvörðun

Vorið 2020 var skólum víða á Norðurlöndunum lokað. Fótboltaæfingar féllu niður. Tónlistarkennsla stöðvaðist. Félagsmiðstöðvar lokuðu. Börn voru heima vikum saman og í sumum löndum mánuðum saman.

Einhver tók allar þessar ákvarðanir.

Það var ekki einn ákveðinn einstaklingur og markmiðið var ekki að gera börnum illt. Nýr sjúkdómur sem kallast Covid-19 var að breiðast út um allan heim. Enginn hafði fengið sjúkdóminn áður og enginn vissi hversu hættulegur hann yrði. Þess vegna reyndu stjórnvöld að hægja á útbreiðslunni með því að halda fólki frá hvert öðru. Takmarkanir komu og fóru í um tvö ár. Síðan lauk þessu og flest varð aftur eins og það hafði verið áður. Ef þú varst ung eða ungur á þessum tíma manstu kannski ekki mikið eftir þessu.

En allar þessar ákvarðanir höfðu áhrif á líf barna. Samt var sjaldan spurt hvað börnum fyndist áður en ákvarðanir voru teknar.



## Það á að hlusta á börn

Næstum öll lönd heims hafa samþykkt alþjóðlegan samning um réttindi barna. Hann heitir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Þar segir m.a. að þú eigir rétt á að segja hvað þér finnst um allt sem hefur áhrif á þig og að fullorðnir eigi að taka það sem þú segir alvarlega. Það er ekki nóg að hlusta. Það þarf að taka skoðanir þínar alvarlega. Næsti kafli fjallar um þennan rétt og hvað hann þýðir fyrir fullorðna.

Til þess að þessi réttur hafi raunverulega þýðingu þurfa fjögur atriði að vera til staðar:

- Það þarf að vera umhverfi þar sem þú getur sagt hvað þér finnst.
- Þú þarft að geta tjáð þig á þann hátt sem hentar þér.
- Sá sem tekur ákvörðun þarf að hlusta.
- Það sem þú segir á að geta haft áhrif.

Síðasta atriðið er það sem fullorðnir gleyma stundum. Ef þú ert spurð eða spurður eftir að ákvörðunin hefur þegar verið tekin er ekki raunverulega verið að hlusta á þig. Sama á við ef sá sem spyr þig getur engu breytt. Hvort tveggja gerðist oft á meðan Covid-19 stóð yfir.

## Þegar hlustað er á börn verða breytingar

Það getur raunverulega breytt einhverju þegar hlustað er á börn. Það gerist ekki alltaf, en við höfum þegar séð dæmi um það á Norðurlöndunum.

Í Finnlandi eiga þeir sem búa til ný lög að spyrja börn hvað þeim finnst þegar lögin hafa áhrif á þau.

Á Íslandi sagði umboðsmaður barna að breyta þyrfti því hvernig sýnataka barna færi fram. Eftir það fóru börn í sýnatöku á öðrum stað en fullorðnir, þurftu ekki að bíða jafn lengi og starfsfólk var sérstaklega valið til að taka á móti þeim.

Á Álandseyjum var mikið rætt um skólamáltíðir og hvernig fjarkennsla ætti að fara fram á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir. Árið 2021 var lögunum breytt svo reglurnar yrðu skýrari ef svipuð staða kæmi upp aftur.

Ungmenni tóku líka þátt í að skrifa þessa bók. Á fundi í Helsinki og á vinnustofu sögðu þau hvað þeim fyndist skipta mestu máli. Skoðanir þeirra höfðu áhrif á þær tillögur sem settar eru fram í bókinni. Þessar breytingar urðu ekki vegna þess að fullorðnir ákváðu skyndilega að gera betur. Þær urðu vegna þess að einhver sagði sína skoðun og einhver sem gat breytt hlutunum hlustaði.

## Til hvers er þessi bók?



Oftast var þetta þó ekki svona. Börn voru almennt ekki höfð með í ráðum þegar teknar voru ákvarðanir um skólann þeirra, frítímann eða heilsuna. Mörg börn fylgdu reglunum vandlega en sáu fullorðna brjóta þær. Eftir þetta báru sum þeirra minna traust til fullorðinna. Börn sem áttu erfitt fyrir áður en heimsfaraldurinn hófst urðu oft verst úti.

Þeir sem vinna að réttindum barna í Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og á Álandseyjum skrifuðu þessa bók saman vegna þess að þeir telja að næst þegar eitthvað stórt gerist verði hlutirnir að vera öðruvísi. Það mun einhvern tímann gerast aftur, jafnvel þótt það verði eitthvað allt annað en heimsfaraldur.

Í þessari bók getur þú lesið um hvað réttur þinn til að láta skoðanir þínar í ljós og hafa áhrif þýðir í raun, hvað ungmenni sjálf segja, hvaða breytingar við viljum sjá og hvað fór úrskeiðis í þínu landi og hinum löndunum. Fyrst kemur kafli sem er sameiginlegur öllum löndunum, síðan kaflinn um þitt eigið land og loks kaflar um hin löndin.

Þú þarft ekki að lesa allt og þú þarft ekki að lesa kaflana í réttri röð.

# 3. Réttur þinn til þátttöku – 12. gr.

**Sigurveig Þórhallsdóttir**



## Þú átt rétt á að hlustað sé á þig

Þú átt rétt á að segja hvað þér finnst um mál sem hafa áhrif á þig. Þessi réttur kemur fram í 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hann þýðir að fullorðnir eiga að gefa þér tækifæri til að segja þína skoðun. Þeir eiga að hlusta á þig og taka það sem þú segir alvarlega. Þetta á við um ákvarðanir sem varða þig, til dæmis heima, í skólanum, þegar þú ferð til læknis eða færð aðra þjónustu.



## Skoðanir þínar skipta máli

Börn vita margt um eigið líf. Þú veist hvernig hlutirnir eru fyrir þig, hvað veldur þér áhyggjum og hvað skiptir þig máli. Fullorðnir þurfa á þessum upplýsingum að halda þegar þeir taka ákvarðanir sem hafa áhrif á þig.

Að hlusta á þig þýðir ekki að fullorðnir þurfi alltaf að gera nákvæmlega það sem þú vilt. Þeir eiga hins vegar að taka það sem þú hefur sagt alvarlega þegar þeir taka ákvörðun.

Eftir því sem þú eldist og þroskast eiga skoðanir þínar að fá aukið vægi. Það er þó enginn ákveðinn aldur þar sem skoðanir þínar byrja allt í einu að skipta máli. Yngri börn eiga líka sama rétt á að hlustað sé á þau.



## Upplýsingar skipta máli

Áður en þú segir skoðun þína þarftu að skilja hvað er að gerast. Fullorðnir eiga að veita þér upplýsingar sem þú skilur og þú átt að geta spurt spurninga ef eitthvað er óljóst.

Þú gætir líka þurft tíma til að hugsa áður en þú segir hvað þú vilt. Þegar þú hefur fengið nægar upplýsingar er auðveldara fyrir þig að ákveða hvað þér finnst og hvað þú vilt segja.



## Þú ræður hvort þú vilt tjá þig

Það er réttur þinn að segja hvað þér finnst, en þú þarft ekki að gera það. Þú getur ákveðið að þú viljir ekki segja skoðun þína. Þú getur líka sagt að þú sért ekki viss, að þú þurfir meiri upplýsingar eða meiri tíma til að hugsa.

Fullorðnir eiga ekki að þrýsta á þig að segja eitthvað ef þú vilt það ekki.



## Að hlustað sé á þig þýðir meira en að þú fáir að tala

Þú átt rétt á að tjá þig. Þegar ákvörðun hefur áhrif á þig eiga fullorðnir ekki aðeins að leyfa þér að tala. Þeir eiga líka að hlusta á þig og hugsa um það sem þú segir þegar þeir taka ákvörðunina .

Skoðun þín á að vera hluti af því hvernig ákvörðunin er tekin .

## Hvað þýðir þátttaka?

Þú gætir heyrt fullorðna tala um þátttöku barna.

Þátttaka þýðir að börn:

- **fá upplýsingar sem þau skilja**
- **fá tækifæri til að segja hvað þeim finnst**
- **taka þátt í ákvörðunum sem hafa áhrif á þau**

Stundum snýst þetta um ákvörðun sem varðar eitt barn. Til dæmis gæti einhver spurt hvað þér finnst um eitthvað sem gerist í skólanum eða um stuðning sem þú færð.

Börn eiga líka rétt á að láta skoðanir sínar í ljós sem hópur. Þau eiga til dæmis rétt á að segja hvað þeim finnst um skólareglur, leiksvæði, almenningssamgöngur eða ný lög sem hafa áhrif á börn.

## Réttur þinn til að láta í ljós skoðanir þínar tengist öðrum réttindum þínum

Í Barnasáttmálanum eru fjórar mikilvægar meginreglur:

**2. gr.** – Öll börn eiga sömu réttindi, óháð því hver þau eru eða hvaðan þau koma.

**3. gr.** – Fullorðnir eiga að gera það sem er barni fyrir bestu.

**6. gr.** – Öll börn eiga rétt á að lifa, vaxa og þroskast.

**12. gr.** – Öll börn eiga rétt á að hlustað sé á þau.

Þessi réttindi tengjast hvert öðru. Fullorðnir geta til dæmis ekki vitað hvað er þér fyrir bestu nema þeir hlusti á þig. Þess vegna er réttur til að hafa áhrif svo mikilvægur hluti af réttindum barna.

# 4. Ungmennin sögðu það sjálf

**Wilma Jensén**

Í júní 2025 komu ungmenni frá öllum Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum saman á fundi í Helsinki. Í tvo daga ræddu þau eina spurningu: Hvernig tryggjum við að hlustað sé á börn og ungmenni þegar eitthvað alvarlegt gerist?

Áður en þau komu höfðu þau lesið það sem fullorðna fólkið hafði skrifað fyrir þessa bók. Síðan sögðu þau hvað þeim fannst vanta. Þetta var það sem þau töldu skipta mestu máli.

## Að spyrja er ekki það sama og að hlusta

Ungmennin sögðu að fullorðnir rugluðu þessu oft saman. Það er hægt að spyrja þig hvað þér finnst án þess að svarið þitt hafi nokkur áhrif.

Þau vildu að börn fengju alltaf skýr svör um hvort skoðanir þeirra hefðu haft áhrif. Þá vissi hvert barn hvort hlustað hefði verið á það í alvöru.

## Leiðir til að hlusta á börn þurfa að vera tilbúnar áður en eitthvað gerist

Ungmennin lögðu mikla áherslu á þetta. Það er ekki hægt að finna upp nýja leið til að hlusta á börn þegar neyðarástand er þegar hafið. Leiðin þarf að vera til og vera notuð svo hún virki líka þegar eitthvað alvarlegt gerist

## Ungmennateymi í neyðarástandi

Ungmennin komu með hugmynd að sérstöku viðbragðsteymi ungmenna. Hópurinn tæki þátt þegar eitthvað alvarlegt gerðist og fengi raunveruleg verkefni, en ekki bara tækifæri til að segja skoðun sína.

Teymið gæti til dæmis starfað innan skóla, svipað og nemendaráð. Ungmennin töldu að slík teymi ættu að vera víða, í sveitarfélögum, á landsvísu og á milli landa.

Sum vildu ganga lengra og hafa tvö teymi sem ynnu saman, annað skipað ungmennum og hitt fullorðnum. Þannig væru sjónarmið ungmennanna sjálfstæð og skýr en yrðu ekki bara hluti af ákvörðunum fullorðinna.

## Ungmennin sem enginn heyrir í

Ungmennin bentu líka á að oft væru sömu ungmennin spurð, þau sem væru þegar virk og tækju þátt.

Eitt ungmenni á fundi getur þurft að tala fyrir hönd þúsunda barna og ungmenna sem hafa aldrei verið spurð hvað þeim finnst.

Ungmennin töldu að þau gætu oft sjálf náð best til barna og ungmenna sem fá sjaldan að taka þátt. Það getur verið auðveldara að svara jafnaldra en fullorðinni manneskju.

## Ungmennin vilja fá að taka þátt

Ungmennin vildu ekki bara fá þakkir fyrir skoðanir sínar. Þau vildu að fullorðnir sæju að þau hefðu eitthvað mikilvægt fram að færa.

Þau vildu fá að vera með frá upphafi og alltaf þegar mikilvægar ákvarðanir væru teknar. Þau vildu líka geta tekið þátt í alvöru en ekki bara fá loforð um að á þau yrði hlustað.



# 5. Réttur barna til að taka þátt í neyðarástandi

Kirsten Sandberg

## Hvað geta Norðurlöndin lært af heimsfaraldrinum?



Norðurlöndin brugðust ekki öll eins við heimsfaraldrinum. Í öllum löndunum voru þó settar reglur og teknar ákvarðanir sem breyttu daglegu lífi barna.

Skólum var nokkrum sinnum lokað í vikur eða mánuði og þá var fjarkennsla. Börn gátu ekki tekið þátt í frístundastarfi eins og áður. Þau höfðu færri tækifæri til að hitta aðra og eyddu miklum tíma heima með fjölskyldum sínum.

Mörg börn sögðust hafa lært minna, verið einmana og liðið illa. Þau höfðu áhyggjur af heilsu fjölskyldunnar og af því hvort hún ætti nóg af peningum. Þau söknuðu líka ömmu og afa.

Börn fylgdu reglunum til að hjálpa til við að stöðva útbreiðslu veirunnar en það gerðu ekki allir fullorðnir. Þetta varð til þess að sum börn treystu fullorðnum síður.

Sumum börnum leið þó betur þegar þau voru ekki í skólanum. Þau urðu þá síður fyrir einelti og fannst þau ekki útundan.

Sum börn, sérstaklega þau yngri, höfðu gaman af því að vera meira heima með foreldrum sínum. Eldri börn söknuðu frekar einkalífs og tíma út af fyrir sig. Eftir því sem heimsfaraldurinn dróst á langinn varð staðan erfiðari.

Börn sem áttu erfitt heima hittu ekki kennara eða aðra fullorðna sem hefðu getað tekið eftir vandanum

og hjálpað þeim að fá aðstoð.

Fjarkennsla var betri en engin kennsla. Tölvur og önnur stafræn tæki voru notuð meira í náminu. Sumar fjölskyldur höfðu hins vegar ekki gott netsamband, tölvu eða spjaldtölvu. Börn í fjölskyldum með litlar tekjur áttu því erfiðara með að fylgja náminu.

Almennt hafði heimsfaraldurinn meiri áhrif á börn sem áttu þegar í erfiðleikum.

Þrátt fyrir þetta var sjaldan hlustað á skoðanir barna eða hugsað um það sem væri þeim fyrir bestu þegar ákvarðanir voru teknar. Hvorki skólar, sveitarfélög né stjórnvöld hlustuðu nægilega á börn. Mörg börn fengu heldur ekki upplýsingar um stöðuna á skýru máli sem þau skildu.

## Réttindi barna og það sem þeim er fyrir bestu

Í upphafi heimsfaraldursins var enginn sérstakur fulltrúi barna meðal þeirra sem tóku ákvarðanir.

Þegar skólum var lokað og frístundastarf takmarkað var ekki hugsað nógu vel um hvað væri börnum fyrir bestu. Börn sem voru einmana eða leið illa gátu ekki rætt við skólahjúkrunarfræðing eða sálfræðing. Þau hittu heldur ekki aðra fullorðna sem hefðu getað hjálpað þeim ef þeim leið illa heima.

Umboðsmenn barna á Norðurlöndunum vöktu athygli stjórnvalda á stöðu barna. Smám saman fengu réttindi barna meiri athygli.

## Börn eiga að fá að taka þátt

Ekki allir fullorðnir á Norðurlöndunum gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt er að börn fái að taka þátt þegar ákvarðanir eru teknar. Börn og ungmenni hafa fá tækifæri til að taka þátt í lýðræðinu og hafa áhrif á ákvarðanir.

Sjaldan var hlustað á skoðanir barna á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir. Það voru engar skýrar reglur um hvenær og hvernig ætti að spyrja börn hvað þeim fyndist. Börn voru til dæmis ekki spurð áður en skólum var lokað eða aðrar mikilvægar ákvarðanir teknar.

Ungmennaráð og nemendaráð voru ekki spurð álits, ekki einu sinni á netinu. Samtök sem vinna með börnum voru aðeins stundum spurð álits.

Í Finnlandi og á Álandseyjum var netið oftar notað en í hinum löndunum til að spyrja börn álits.

Áður en ákvarðanir voru teknar í skólum voru börn sjaldan spurð hvað þeim fyndist. Mörgum börnum fannst þau ekki fá að taka þátt og að skoðanir þeirra skiptu ekki máli.

Mörg börn vildu leggja sitt af mörkum. Á Íslandi tóku börn virkan þátt í að bregðast

við heimsfaraldrinum. Í Svíþjóð vildu börn líka taka þátt og hjálpa til við að draga úr smitum. Ef fullorðnir hefðu séð þetta og leyft börnum að taka þátt hefðu börnin fundið að þau gætu haft áhrif. Þau hefðu líka fundið að þau væru hluti af sameiginlegu verkefni.

## Sum börn áttu erfiðara en önnur

Sum börn fá ekki þá umönnun sem þau eiga rétt á. Sum verða fyrir ofbeldi heima hjá sér. Þegar þau þurftu að vera meira heima á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir jókst hættan á að illa væri komið fram við þau.

Á sama tíma hittu þau síður kennara og aðra fullorðna sem hefðu getað hjálpað þeim.

Þjónusta sem hjálpar börnum hefði átt að vera áfram í boði, en þeir sem tóku ákvarðanir hugsuðu ekki alltaf nógu vel um þetta.

Hinsegin börn og ungmenni, börn í fjölskyldum með litlar tekjur og börn með heilsuvanda fengu síður en önnur börn tækifæri til að taka þátt. Þau voru heldur ekki spurð hvernig mætti bæta stöðuna.

## Upplýsingar til barna

Börn fengu oft ekki mikilvægar upplýsingar um heimsfaraldurinn eða þær ákvarðanir sem voru teknar. Stundum komu upplýsingarnar of seint eða voru of flóknar.

Þetta átti sérstaklega við um yngri börn og börn sem tilheyrðu minnihlutahópum.

## Hvað þarf að gera eftir heimsfaraldurinn



Heimsfaraldurinn breytti lífi margra barna og ungmenna. Á þessum tíma lærðu þau minna í skólanum en venjulega og lífið var á margan hátt öðruvísi og erfiðara. Sum börn finna enn fyrir áhrifunum í dag.

Þeir sem taka mikilvægar ákvarðanir um málefni barna og ungmenna þurfa að muna eftir þessum áhrifum. Þau geta enn skipt máli, til dæmis þegar fjallað er um geðheilsu barna, börn sem hætta í skóla eða afbrot barna og ungmenna.

Við biðjum löndin um að gera eftirfarandi:

### Gera það sem er börnum fyrir bestu

Þeir sem taka ákvarðanir í landinu eiga að gera það

sem er börnum fyrir bestu, líka í neyðarástandi.

Áður en fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að kanna hvaða áhrif þær geta haft á börn. Þeir eiga að hlusta á börn og tryggja að skoðanir þeirra geti haft áhrif.

Þeir eiga líka að kanna hvaða áhrif heimsfaraldurinn hafði á börn og hvað skiptir þau máli þegar neyðarástand verður.

Fullorðnir þurfa að muna að heimsfaraldur, sem stóð yfir í um tvö ár hefur enn áhrif á líf barna í dag.

**Í Noregi og Svíþjóð** þarf að kanna hvað sé börnum fyrir bestu þegar lög eða fjárlög eru undirbúin. Það þarf að gerast áður en tillögurnar eru lagðar fram. Umboðsmaður barna í Noregi hefur útbúið netnámskeið um hvernig þetta er gert.

**Á Álandseyjum** hittu þeir sem taka ákvarðanir í sveitarfélögum samtök sem vinna með börnum á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir. Svona samtöl ættu að fara fram oftar.

**Á Íslandi** spurði umboðsmaður barna börn hvað þeim fyndist um heimsfaraldurinn. Svörin voru tekin saman í skýrslu. Hún hjálpaði þeim sem taka ákvarðanir að skilja sjónarmið barna betur.

## Sum börn þurfa meiri aðstoð

Sum börn geta lent í sérstökum erfiðleikum þegar neyðarástand verður, til dæmis börn í fjölskyldum með litlar tekjur og fötluð börn. Þessi börn eiga að fá meiri stuðning.

## Fullorðnir verða að hlusta á börn

Skólar, sveitarfélög og stjórnvöld þurfa að hlusta á börn.

Það eiga að vera skýrar reglur um hvenær og hvernig eigi að spyrja börn hvað þeim finnst. Reglurnar eiga að tryggja að skoðanir barna séu teknar alvarlega. Þær eiga líka að gilda í neyðarástandi.

Sum börn þurfa stuðning til að segja hvað þeim finnst. Þau geta til dæmis verið mjög ung, fötluð eða talað annað tungumál.

**Á Álandseyjum** héldu samtök fund fyrir fötluð ungmenni. Þar ræddu þau reynslu sína af heimsfaraldrinum og önnur málefni. Í kjölfarið var gerð skýrsla um niðurstöðurnar.

Þeir sem taka ákvarðanir eiga síðan að segja börnunum hvaða ákvörðun var tekin og hvernig tekið var tillit til skoðana þeirra.

Löndin eiga að safna upplýsingum um hvernig börn taka þátt og deila þeirri þekkingu sín á milli. Börn eiga líka að geta komið skoðunum sínum á framfæri á netinu.

**Í Finnlandi** voru börn spurð á netinu hvernig þau hefðu upplifað skólann á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir. Fleiri en 58.000 börn svöruðu. Svör þeirra voru notuð þegar ný lög voru samin.

Umboðsmenn barna á Norðurlöndunum nota mismunandi leiðir til að hlusta á börn.

**Í Finnlandi** hittir umboðsmaður barna hópa barna sem kallast „Young Advisers", eða ungir ráðgjafar. Umboðsmaður barna notar líka könnun sem kallast „Child Barometer", eða barnamælir. Í könnuninni er hringt í mörg börn og þau spurð hvað þeim finnist um mál sem varða þau. Börnum hefur einnig verið boðið að teikna, mála eða skrifa um líf sitt á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir.

**Í Svíþjóð** áttu Sveriges Elevkårer, sem eru landssamtök sænskra nemendafélaga, vikulega fundi með þeim sem tóku ákvarðanir um menntamál.

**Á Álandseyjum** héldu þeir sem taka ákvarðanir hópfundi um mikilvæg mál á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir. Tveir fundir voru sérstaklega fyrir ungmenni.

Kennarar, félagsráðgjafar, læknar, lögregla og aðrir sem starfa með börnum eiga að fá fræðslu. Fræðslan á að fjalla um hvernig eigi að tala við börn og taka skoðanir þeirra alvarlega.

**Í Danmörku** útbjuggu heilbrigðisyfirvöld efni fyrir skóla og foreldra til að hjálpa þeim að ræða við börn um Covid-19.

**Í Noregi** hefur umboðsmaður barna útbúið netnámskeið fyrir fullorðna um hvernig eigi að tala við börn.

Ungmenni geta lagt mikið af mörkum, bæði í neyðarástandi og daglegu lífi. Þegar þau fá að taka þátt finna þau betur að þau geti haft áhrif.

Í neyðarástandi gætu ungmenni til dæmis tekið þátt í sjálfboðastarfi til að styðja önnur ungmenni, heimsótt eldra fólk eða sinnt öðrum verkefnum.

## Börn þurfa upplýsingar

Til að geta myndað sér skoðun þurfa börn að vita hvað er að gerast. Upplýsingarnar þurfa að vera skýrar og einfaldar svo þau skilji þær.

Þegar neyðarástand verður eiga stjórnvöld að miðla upplýsingum beint til barna og fjölskyldna þeirra.

Upplýsingarnar þurfa að vera á stöðum þar sem börn sjá eða heyra þær, til dæmis á netinu, í öppum eða sjónvarpi. Þær þurfa einnig að vera aðgengilegar á mismunandi tungumálum.

**Í Svíþjóð** er vefsíða sem heitir Lilla Krisinfo. Þar fá börn upplýsingar um

neyðarástand og önnur mál á máli sem þau skilja.

**Í Danmörku** er sjónvarpsstöð fyrir börn og ungmenni sem heitir DR Ultra. Stöðin gerði þætti þar sem börn gátu spurt sérfræðinga um Covid-19.

## Skóli og heilsa

Skólar eiga að vera opnir ef það er mögulegt. Lönd eiga að geta boðið upp á fjarkennslu fyrir börn sem geta ekki mætt í skólann.

Börn eiga líka að geta fengið aðstoð skólahjúkrunarfræðings í neyðarástandi. Ef börn eru ekki í skólanum þarf skólinn að segja þeim hvernig þau geta haft samband við hjúkrunarfræðinginn.

Það sama á við um skólasálfræðinga og aðra sem geta veitt börnum aðstoð.

Þegar börn fara í sýnatöku eða bólusetningu eiga fullorðnir að huga að því hvað hentar börnum best.

**Á Grænlandi** var bætt við sérstakri símalínu um Covid-19 hjá hjálparsímanum Tusaannga.

**Á Íslandi** fóru börn í sýnatöku vegna Covid-19 á öðrum stað en fullorðnir. Þau voru ekki bólusett í skólanum þar sem litið var svo á að skólinn ætti að vera öruggur staður fyrir börn.

## Frístundir

Frístundastarf barna á að halda áfram í neyðarástandi eftir því sem hægt er.

Ef stjórnvöld vilja loka eða takmarka frístundastarf barna eiga þau fyrst að ræða við samtök og aðra sem starfa með börnum.

Ef samt þarf að loka frístundastarfi eða takmarka það eiga stjórnvöld að segja börnum hvernig þau geti samt gert skemmtilega hluti með vinum sínum.

## Börn eiga að geta kvartað

Öll börn eiga að geta kvartað við þá sem taka ákvarðanir. Börn þurfa að vita að þau megi kvarta og fá skýrar upplýsingar um hvernig þau eiga að fara að því. Enginn annar þarf að vita að barn hafi kvartað.

# Norðurlöndin þurfa að hjálpast að

Fólk getur ferðast nokkuð auðveldlega á milli Norðurlandanna og stjórnvöld landanna hittast reglulega. Norðurlöndin vinna nú þegar saman á mörgum sviðum.

Fólk sem vinnur að réttindum barna í Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og á Álandseyjum skrifaði þessa bók saman.

Á meðan heimsfaraldurinn stóð yfir leitaði hvert land þó að mestu að eigin lausnum. Þegar eitt land fann góða leið til að gera eitthvað heyrðu hin löndin oft ekki af því fyrr en löngu síðar.

## Norðurlöndin ættu saman að:

- heita því að virða réttindi barna, líka þegar neyðarástand ríkir,
- hittast og deila því sem virkaði vel, til dæmis góðum leiðum til að hlusta á börn,
- koma sér saman um hvernig eigi að kanna hvaða áhrif ákvarðanir hafa á börn og kenna fullorðnum í öllum löndunum að gera það,
- bera saman viðbragðsáætlanir landanna og gera sameiginlegar norrænar áætlanir,
- tryggja að börn geti áfram farið yfir landamæri til að hitta foreldri, systkini eða aðra í nánustu fjölskyldu í öðru norrænu landi,
- spyrja börn á öllum Norðurlöndunum sömu spurninga og bera svörin saman,
- vinna saman að því að veita börnum upplýsingar sem þau skilja, hjálpa börnum sem líður illa og styðja fjölskyldur sem hafa lítið á milli handanna.

Norðurlöndin vilja vera sá hluti heimsins þar sem löndin vinna best saman. Börn eiga líka að njóta góðs af því, sérstaklega þegar erfiðleikar koma upp.

**Ef þú þarft hjálp** geturðu talað við einhvern fullorðinn sem þú treystir. Þú getur líka hringt í umboðsmann barna í síma 5528999 eða farið á vefsíðu embættisins barn.is. Ef þig vantar einhvern til að tala við geturðu hringt ókeypis í Hjálparsíma Rauða krossins í **1717**. Hann er opinn allan sólarhringinn og þar er líka hægt að fá aðstoð í netspjalli.

Ef þú ert í hættu eða þarft hjálp strax skaltu hringja í **112.**



# 6. COVID-19 heimsfaraldurinn og börn á Norðurlöndunum



# Ísland

**Sigurveig Þórhallsdóttir**

## Réttindi barna á tímum Covid-19 faraldursins



### Hvað gerðist í faraldrinum?

Covid-19 faraldurinn breytti daglegu lífi barna á Íslandi. Skólastarf og frístundir röskuðust, börn þurftu að vera heima eða fara í sóttkví og nýjar reglur höfðu áhrif á það hvernig þau gátu umgengist annað fólk.

Börn lögðu mikið af mörkum til að vernda aðra í faraldrinum. Á sama tíma voru margar ákvarðanir sem höfðu áhrif á líf þeirra teknar án þess að leitað væri eftir skoðunum þeirra eða metið nægilega hvaða áhrif ákvarðanirnar gætu haft á þau.

Faraldurinn sýndi hversu mikilvægt það er að tryggja réttindi barna, ekki síst þegar bregðast þarf við neyðarástandi.

### Skólar og menntun

Frá lokum árs 2019 til febrúar 2022 höfðu 55 mismunandi reglur vegna Covid-19 áhrif á starfsemi skóla á Íslandi.

Flest börn á Íslandi þurftu að fara að minnsta kosti einu sinni í sóttkví og meira en 1.000 börn fóru oftar en fjórum sinnum í sóttkví. Sum börn misstu því margar vikur eða mánuði úr skóla og frístundastarfi.

Skólar fóru mismunandi leiðir til að hjálpa börnum að halda áfram námi þegar þau gátu ekki mætt í skólann. Mörg börn fengu kennslu á netinu en öll börn höfðu ekki jafnan aðgang að tölvu, spjaldtölvu eða góðri nettengingu.

Þegar neyðarástand kemur upp verður að tryggja að öll börn geti haldið áfram námi og fái þann stuðning og búnað sem þau þurfa til að læra.

## Sýnatökur og bólusetningar

Í lok árs 2021 þurftu mörg börn að fara í Covid-19 sýnatöku. Í fyrstu var framkvæmdin ekki skipulögð með barnvænum hætti. Sum börn þurftu að bíða lengi í röð utandyra í köldu veðri og starfsfólkið sem tók sýnin hafði ekki fengið sérstaka þjálfun í að vinna með börnum.

Eftir að umboðsmaður barna gerði athugasemdir við þetta var framkvæmdinni breytt. Börn fengu sérstaka aðstöðu fyrir sýnatökur, þurftu ekki að bíða eins lengi í röð og þjálfað starfsfólk sá um sýnatökur.

Þetta dæmi sýnir vel hvers vegna það þarf að huga að réttindum barna og mögulegum áhrifum ákvarðana á börn áður en ákvarðanir eru teknar.

Einnig komu upp spurningar um það hvernig ákvarðanir um Covid-19 bólusetningar barna voru teknar. Þegar börnum á aldrinum 12–15 ára var fyrst boðin bólusetning var það tilkynnt aðeins 11 dögum áður en bólusetningar áttu að hefjast. Börn og foreldrar þurftu skýrar upplýsingar og nægan tíma til að skilja þær og taka ákvörðun saman.

Þegar yngri börnum var síðar boðin bólusetning gafst meiri tími til undirbúnings og upplýsingarnar voru skýrari og aðgengilegri. Þrátt fyrir það byggðust ákvarðanir enn að miklu leyti á almannahagsmunum og því hvað hentaði samfélaginu best, fremur en að nægilega væri horft til þess sem var börnum fyrir bestu.

## Börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós

Í faraldrinum var alltof sjaldan leitað eftir skoðunum barna áður en mikilvægar ákvarðanir voru teknar. Þegar börn fengu að segja sína skoðun var það oft of seint til að skoðanir þeirra gætu haft áhrif á ákvörðunina.

## Börn eiga rétt á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða líf þeirra

Árið 2020 byrjaði umboðsmaður barna að safna saman frásögnum barna af sinni reynslu af COVID-19. Börn sögðu frá daglegu lífi sínu, vinum og fjölskyldu, skóla, frístundum og reglum vegna Covid-19. Leitað var eftir skoðunum barna fjórum sinnum á árunum 2020 til 2022.

Með því að hlusta beint á börn fengust mikilvægar upplýsingar um hvernig faraldurinn og takmarkanirnar höfðu áhrif á líf þeirra.

Í júní 2022 sagði Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna að ekki væri alltaf hlustað nægilega á börn þegar ákvarðanir sem varða þau væru teknar. Nefndin hafði sérstakar áhyggjur af því að yngri börn fengju ekki alltaf tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

## Hvað er mat á áhrifum á börn?

Mat á áhrifum á börn, eða CRIA, er leið til að kanna hvaða áhrif ákvörðun getur haft á börn og réttindi þeirra áður en ákvörðunin er tekin.

Við slíkt mat er m.a. spurt:

- Hvaða áhrif mun þessi ákvörðun hafa á börn?
- Mun ákvörðunin hafa mismunandi áhrif á ólíka hópa barna?
- Hefur verið leitað eftir skoðunum barna?
- Er hægt að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum á börn?

Á Íslandi hafa verið gefnar út leiðbeiningar um hvernig eigi að framkvæma mat á áhrifum á börn, en það er ekki skylda að nota þær. Umboðsmaður barna hefur lagt áherslu á að alltaf eigi að meta hvaða áhrif ákvarðanir geta haft á börn áður en þær eru teknar.

## Löggjöf um neyðarástand þarf að tryggja réttindi barna

Faraldurinn sýndi einnig að réttindi barna voru ekki alltaf nægilega tryggð í lögum um viðbrögð við neyðarástandi.

Lög sem sett eru til að bregðast við neyðarástandi ættu frá upphafi að tryggja réttindi barna með skýrum hætti.

## Hvað þarf að gera betur næst?

Neyðarástand getur skollið á skyndilega og stundum þarf að taka ákvarðanir hratt. Við þær aðstæður er mikilvægt að allir viti hvernig eigi að tryggja réttindi barna.

Það þarf að vera til viðbragðsáætlun þar sem tekið er mið af þörfum og réttindum barna, m.a. varðandi menntun, heilbrigðisþjónustu, frístundir og stuðning.

Börn ættu að taka þátt í gerð slíkrar áætlunar frá upphafi.

Þau ættu að fá upplýsingar sem þau skilja og raunveruleg tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós áður en ákvarðanir eru teknar. Hlusta þarf á sjónarmið þeirra og taka þau alvarlega.

Ungmennaráð geta einnig hjálpað til við að tryggja að börn hafi áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu, sérstaklega þar sem sveitarfélög veita börnum margvíslega mikilvæga þjónustu þegar neyðarástand skellur á.

Rýming Grindavíkur vegna eldgosa sýndi aftur að stjórnvöld voru ekki nægilega vel undirbúin til að tryggja réttindi barna þegar neyðarástand kemur upp. Ekki var til sérstök viðbragðsáætlun fyrir börn. Líkt og í Covid-19 faraldrinum var ekki leitað nægilega eftir skoðunum barna, þarfir þeirra voru ekki metnar sérstaklega og þau

fengu ekki alltaf upplýsingar á þann hátt sem þau gátu skilið.

Til þess að vera betur undirbúin þarf að liggja fyrir viðbragðsáætlun um hvernig réttindi og þarfir barna verða tryggð í neyðarástandi. Börn eiga að taka þátt í gerð slíkrar áætlunar frá upphafi.

Norðurlöndin geta einnig lært hvert af öðru og unnið saman að betri leiðum til að vernda réttindi barna þegar neyðarástand ríkir.

Börn missa ekki réttindi sín þegar neyðarástand ríkir. Þess vegna þarf að liggja skýrt fyrir hvernig réttindi þeirra verða tryggð þegar neyðarástand kemur upp.

# Danmark

**Silje Steinardotter Hasle**

## Børn og koronapandemien i Danmark



I Danmark har vi ikke en særlig børneombudsmand. I stedet har vi Børnerådet, som arbejder for, at børn har det godt, og at deres rettigheder bliver respekteret. Rettigheder er ting, som alle børn har ret til. For eksempel har børn ret til at gå i skole og til at sige deres mening.

Børnerådet bestemmer selv, hvad det mener. Regeringen bestemmer altså ikke, hvad Børnerådet skal sige. Børnerådet holder øje med, om de regler og beslutninger, der bliver lavet i Danmark, tager hensyn til børns rettigheder. Danmark har sagt ja til FN's Børnekonvention. Det er en aftale om de rettigheder, som alle børn har.

Børnerådet arbejder for børns rettigheder. Børnerådet giver også råd til regeringen og politikerne. En vigtig opgave er at sikre, at børn bliver hørt, når voksne tager beslutninger, som påvirker børns liv. Det kan for eksempel være beslutninger om skole, fritidsliv, familie, sundhed eller andre områder, der er vigtige for børn.

Danmark skal i 2026 fortælle FN om, hvordan det går med at sikre børns rettigheder. I 2027 skal Danmark til et møde med FN's Børnekomité, hvor komitéen vil spørge ind til, hvordan Danmark lever op til Børnekonventionen. Til det møde deltager Børnerådet også.

## Børn skal høres – også i en krise

I Danmark er der meget opmærksomhed på, at børn og unge skal have mulighed for at sige jeres mening. Men vi har ikke altid en fast måde at spørge jer om, hvad I mener.

**Det blev tydeligt under coronakrisen.**
Børn blev ikke hørt nok under corona.
Danmark var et af de første lande i Europa, der lukkede store dele af samfundet ned på grund af coronavirus. Det betød store forandringer i børn og unges hverdag. Skoler lukkede. Fritidsaktiviteter blev aflyst. Børn kunne ikke være sammen med venner og familie på samme måde som før.

**Det var svært for mange børn og unge.**
Alligevel blev børn og unge ikke inddraget ret meget, da beslutningerne blev truffet. Politikerne ville især beskytte ældre og andre mennesker, som kunne blive meget syge af coronavirus. Politikerne spurgte ikke nok ind til, hvad børn oplevede, hvad de havde brug for, og hvad de mente. Før politikerne tager en stor beslutning, kan de undersøge, hvad den vil betyde for børn og deres rettigheder. Det kaldes en børnerettighedsvurdering.

**Børn og familier fik hjælp**
Under coronapandemien blev der sat forskellige ting i gang for at hjælpe børn og familier.

Sundhedsstyrelsen lavede information til skoler og forældre. Informationen skulle blandt andet hjælpe voksne med at tale med børn om corona. Der blev også givet ekstra penge til organisationer, der i forvejen arbejdede med børn og unge. Nogle af pengene skulle bruges til at hjælpe børn og unge, som havde det meget svært. På den måde kunne organisationerne stadigvæk tilbyde hjælp og rådgivning under krisen til de børn, der havde brug for det.

Børn fik information fra DR Ultra og deltog på regeringens pressemøder
På DR Ultra kunne børn stille spørgsmål til eksperter. De kunne også fortælle, hvad de var bekymrede for.

Børnereportere fra DR Ultra deltog også i nogle af statsministerens pressemøder. Her kunne de stille spørgsmål om corona, som var vigtige for børn. Det gjorde, at flere hørte, hvad børnene var optagede af.

**Hvad lærte vi af corona?**
I Danmark ved vi ikke så meget om, hvordan børn oplevede hverdagen under coronapandemien.

Der er lavet få undersøgelser af børns og familiers oplevelser. I en kommune er det fx blevet undersøgt, hvordan små børn oplevede at vende tilbage til børnehaven efter coronapandemien. Der er også lavet en nordisk rapport om børn og unges inddragelse under coronapandemien.

Corona viste, at Danmark ikke havde en fast plan for, hvordan børn skulle høres i en krise. Da skolerne lukkede, handlede det især om at stoppe smitte. Der var mindre fokus på, hvad børn selv tænkte, og hvad beslutningerne betød for deres hverdag.

## For nogle børn var nedlukningen ekstra svær.

Normalt møder børn mange voksne uden for familien. Det kan være lærere, pædagoger eller trænere. De voksne kan opdage, hvis et barn ikke har det godt eller har brug for hjælp. For nogle børn kunne hjemmet samtidig være et utrygt sted. Når skoler og fritidstilbud var lukkede, var de børn mere hjemme. De havde også færre muligheder for at søge hjælp hos en voksen, de kendte.

Meget undervisning og kontakt blev også flyttet over på computeren eller en telefon. Det hjalp nogle børn. Men det fungerede ikke godt for alle.

### Hvad skal Danmark gøre næste gang?

Danmark bør have en plan for, hvordan børn bliver spurgt og hørt, hvis der kommer en ny krise.

Politikerne bør undersøge, hvad store beslutninger vil betyde for børn, før de tager beslutningerne.

